



Bæjarstjórn/Hafnarfjarðarbær/Fræðslu- og frístundaþjónusta, kt. 590169-7579, og Barnaskóli Hjallastefnunnar kt. 540599-2039 gera með sér eftirfarandi

## Þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilis

### 1. Markmið

Með samningi þessum er markmiðið að efla möguleika bæjarbúa til að velja um frístundaúrræði fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn og gefa Barnaskóla Hjallastefnunnar tækifæri á að reka frístundaheimili með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar.

### 2. Tilgangur og forsendur

Samningur þessi kveður á um rekstur frístundaheimilis fyrir börn í 1.–4. bekk og gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Barnaskólans vegna rekstur þess. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins.

Frítími barna og fullorðinna er dýrmætur og í vaxandi mæli er það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og ennfremur að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum. Frístundaheimili hefur ekki verið lögboðin þjónusta sveitarfélagsins en í nýjum ákvæðum grunnskólalaga á að gefa öllum börnum í yngri árgöngum kost á þjónustu þeirra. Menntamálaráðuneytið mun gefa út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks og mun starfsemi frístundaheimila í Hafnarfirði taka mið að því. Lögin heimila sveitarfélögum að ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður og í þessu tilfalli er Barnaskóla Hjallastefnunnar gefið tækifæri á að reka frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði í 1.-4. bekk og efla þannig valmöguleika þeirra sem nýta þjónustu skólans. Einnig er verið að gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við skólastarf. Varðandi frístundaakstur sem hefst í haust 2017 þar sem börnum á frístundaheimilum er ekið í íþróttir verður hægt að hafa stoppistöð við skólann sé áhugi foreldra og skólans á því.

### 3. Öryggi

Starfsemi frístundaheimilis Barnaskóla Hjallastefnunnar skal miðast við samþykktir bæjarráðs, lög og reglugerðir varðandi aðbúnað og velferð barna, starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðis, taka mið af gildandi starfsskrá Hafnarfjarðarbæjar um frístundaheimili, starfsmannahandbók frístundaheimila og vera samþætt eins og kostur er við verklag það sem gildir varðandi öryggi og velferð barna í frístundaheimilum á vegum Hafnarfjarðarbæjar.



## HAFNARFJÖRÐUR

Starfsmenn; Stefnt skal að því að stjórnandi frístundaheimilis Barnaskóla Hjallastefnunnar hafi uppdæmismenntun á háskólastigi. Starfsmenn skulu hafa lokið skyndihjálparnámskeiði. Starfsmenn skulu hafa undirritað heimild sem heimilar Barnaskóla Hjallastefnunnar til að kanna hjá Sakaskrá hvort viðkomandi starfsmaður uppfylli ákvæði æskulýðslaga um hvort starfsmaður hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákveðnum hegningarlögum eða hafa hlotið refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni sjá í viðauki I.

### 4. Hlutverk

Frístundaheimili Barnaskóla Hjallastefnunnar skal vera opið alla skóladaga ársins. Á sameiginlegum frídögum skóla í jólafríi, páskafríi og á sameiginlegum starfsdögum kennara og foreldradögum stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir þau börn sem kunna að vera skráð sérstaklega gegn ákveðnu gjaldi á dag fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Frístundaheimilin eru lokuð í sameiginlegum vetrarfríum grunnskólanna og alla rauða almanaksdaga. Á hverju ári hefur frístundaheimili heimild til að halda tvo starfsdaga fyrir starfsmenn og skal tilkynna foreldrum þá daga strax við upphaf skráningar.

Öllum börnum verði lagt til nónhressing alla daga sem starfsemin fer fram.

Sérstaklega skal huga að því að auka framboð á valmöguleikum fyrir 3. og 4 bekk sem höfða til þess aldurshóps þannig að þau séu ekki að stunda sömu verkefni og þau hafa verið að sinna í 1. og 2. bekk.

Um er að ræða fyrirkomulag þar sem forráðamenn skrá börn hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar fyrir 1. september fyrir haustönn og fyrir 10. desember fyrir vorönn.

Skráning barna fer fram hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar, en Hafnarfjarðarbær fær senda nafnalista frá Barnaskóla Hjallastefnunnar með reglulegum hætti.

Tómstundaleiðbeinandi í frístundaheimili skal að jafnaði hafa umsjón með 15 börnum.

Starfsemin skal taka mið af gildandi starfsskrá ÍTH (fylgiskjal 1) sem endurskoðuð er á þriggja ára fresti. Í starfsskránni koma fram áherslur Hafnarfjarðarbæjar varðandi starfsemina í öllum frístundaheimilum.

### 5. Börn með sérþarfir

Sérfræðiþjónusta á vegum fræðslu- og frístundaþjónustu tekur þátt í að meta stuðningsþörf barna í fötlunarflokki 1-3 og ráðleggja varðandi stuðningsþörf ef þau sækja um viðkomandi frístundaheimili. Einnig getur skólinn leitað til viðkomandi aðila eða sérfræðinga Hafnarfjarðarbæjar vegna sérstakra mála varðandi barns með sérþarfir sem upp koma.

### 6. Upplýsingar

Allar breytingar á starfsemi skulu sendar foreldrum með góðum fyrirvara og tilkynna skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu.



### 7. Samráð og símenntun

Fagleg yfirstjórn frístundaheimila er í höndum fagstjóra frístundastarfs, sem starfar á fræðslu- og frístundasviði, sér um rekstur þeirra og ber faglega ábyrgð á starfsemi þeirra. Eftirlitsskylda Hafnarfjarðarbæjar gagnvart frístundaheimili skólans felst aðallega í því að fagstjóri frístundastarfs skal þrisvar á ári heimsækja starfsemina og fylla út matslista (fylgiskjal 2) sem meta hvort starfað sé í anda starfsskrár ) auk eðlilegs samráðs varðandi reksturinn. Íprótta- og tómskundafulltrúi boðar stjórnendur frístundaheimila á samráðs- og fagfundi eftir þörfum, minnst tvisvar á önn, þar sem farið er yfir helstu starfsþætti og unnið að samstarfsverkefnum.

Starfsmenn Barnaskóla Hjallastefnunnar skulu hafa aðgang að sameiginlegri símenntunardagskrá starfsmanna frístundaheimila hjá Hafnarfjarðarbæ. Við upphaf annar fá umsjónarmenn frístundaheimila skólans send til sín drög af námskeiðum sem ætluð eru starfsfólki frístundaheimila. Þátttaka í þessum námskeiðum er skólanum að kostnaðarlausu.

### 8. Fjármál og gagnkvæmar skyldur

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir rekstrarkostnað frístundaheimilisins samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru þær sömu og það myndi kosta Hafnarfjarðarbæ að reka frístundaheimilið.

- a. Barnaskóla Hjallastefnunnar skal ekki innheimta hærri upphæð en 21.000 kr. hjá foreldrum fyrir fulla viðveru í frístundaheimilinu og er kostnaður við nónhressingu inni í þeirri tölu og taki sú fjárhæð mið af verðlagsbreytingum á hverjum tíma.
- b. Hafnarfjarðarbær greiði kr. 11.978 krónur á mánuði, skólaárið 2017-2018, með hverju barni sem dvelur fimm daga í viku og hlutfallslega fyrir þá sem dvelja skemur. Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir allt að 50 börn á mánuði, fimm daga vikunnar skólaárið 2017 - 2018
- c. Hafnarfjarðarbær greiðir mest sem nemur hálfu stöðugildi stuðningsfulltrúa á mánuði vegna hvers barns í 1. – 3. fötlunarflokki.
- d. Við undirritun samningsins skal Barnaskóla Hjallastefnunnar leggja fram vetraráætlun um helstu verkefni og áherslur starfseminnar.
- e. Markmiðin skulu vera skýr um starfsemina og ljóst hvernig meta skal árangur og gæði starfseminnar.
- f. Barnaskóli Hjallastefnunnar skal senda íprótta- og tómskundafulltrúa yfirlit yfir reksturinn og starfsemi einu sinni á önn /árskýrslu (fylgiskjal 3)
- g. Eftir að samningur er undirritaður og starfsemi hefst sendir Barnaskóli Hjallastefnunnar Hafnarfjarðarbæ reikning við lok hvers mánaðar vegna starfsemi líðandi mánaðar. Hafnarfjarðarbær greiðir reikning sem berast fyrir mánaðarmót í síðasta lagi 1. dags næsta mánaðar.
- h. Senda skal staðfestan lista barna með undirskrift foreldra til íprótta- og tómskundafulltrúa.
- i. Skráning fer fram hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar.
- j. Skólinn greiðir allan kostnað vegna reksturs frístundaheimilisins.
- k. Systkinaafsláttur hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar er veittur vegna systkina sem eru samtímis í leikskóla, hjá dagforeldri eða í frístundaheimili í Hafnarfirði og er hann sá sami og hjá Hafnarfjarðarbæ. Afslátturinn reiknast af almennu dvalargjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Foreldrar sækja um systkinaafslátt hjá skólanum. Fagstjóri



## HAFNARFJÖRÐUR

frístundastarfs fær sendan nafnalist til að fara yfir hvort rétt sé og sendir svo staðfestingu á fulltrúa skólans þeir greiða foreldrum afsláttinn og senda svo reikning til Hafnarfjarðarbæjar.

- Frístundabíllinn mun hafa stoppustöð við Barnaskóla Hjallastefnunnar. Barnaskóli Hjallastefnunnar mun leggja til starfsmenn í frístundabíllinn á samsvarandi hátt og önnur frístundaheimili gera. Frístundabíllinn er rekinn af Hafnarfjarðarbæ og greiða notendur ekki fyrir þjónustuna.

### 9. Gildistími og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi gildir frá 20. ágúst 2017 og er tímabundinn til 10. júní 2018. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaðar uppsagnarfresti af beggja hálfu.

Telji Hafnarfjarðarbær/Íþrótt- og tómstundafulltrúi samning þennan brotinn, skal hann snúa sér til stjórnar skólans og krefjast úrbóta á því sem ábótavant er. Verði félagið ekki við þeim kröfum er heimilt að rifta samkomulaginu.

Hafnarfirði, 1. febrúar 2018

Fyrir hönd Hafnarfjarðar

---

Fanney Dórothe Halldórsdóttir sviðstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu

Fyrir hönd Barnaskóla Hjallastefnunnar

---

Þórdís Jóna Sigurðardóttir



## Úr grunnskólalögum

### ■[33. gr. a. Frístundaheimili.

- Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.
- Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.
- Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.
- Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.
- Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.
- Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrimælum 47. gr.]<sup>1)</sup>

### Fylgiskjal 1

Starfsskrá – er í sér viðhengi

### Fylgiskjal 2

Matslistar og viðmið ( er í sér viðhengi)



Fylgiskjal 3

### Yfirlit/árskýrsla vegna frístundaheimilis

Skýrslan skal innihalda:

Almenn lýsing á starfinu, aðstaða, helstu áherslur, útskýring á sérstökum verkefnum eða viðburðum.

Fjöldi barna, fjöldi starfsmanna, opnunartími og helstu upplýsingar úr rekstrinum.

Foreldrar, kynningar og viðbrögð foreldra

Mat/eftirlit Hafnarfjarðarbæjar, hefur það áhrif, hvað vantar?

Álitamál, hvað þarf að breytast eða er óljóst í samstarfi milli aðila

Framtíðarsýn og verkefni framundan

Senda skal íprótta- og tómskundafulltrúa yfirlit yfir reksturinn og starfsemi einu sinni á önn /árskýrslu.



HAFNARFJÖRÐUR

Viðauki 1

Barnaskóla Hjallastefnunnar

dagsetning \_\_\_\_\_

Umsækjandi fær ljósritað eintak af skjalinu

### Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 segir í 3.–4. mgr. 10. gr: „Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“

Undirrituð/undirritaður umsækjandi um starf við \_\_\_\_\_ veitir yfirmanni/vinnuveitanda heimild til að afla um sig upplýsinga úr sakaskrá varðandi eftirtalda brotaflokka:

1. Kynferðisbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin tímatakörk).
2. Önnur ofbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.

Heimild þessi er veitt af fúsum og frjálsum vilja í því skyni að uppfylla lagaskilyrði fyrir ráðningu í ofangreint starf.

Undirskrift og kennitala umsækjanda

Megintilgangurinn með upplýsingaöflun þessari úr sakaskrá er að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um kynferðisbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Ráðning er óheimil ef sú er raunin. Jafnframt er tilgangurinn sá að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um aðra refsiverða háttsemi af því tagi að hann/hún telst ekki verður eða hæfur til að gegna því starfi sem um ræðir. Við það mat er litið til þess hvenær brot var framið, eðli þess og alvarleika.

Þær upplýsingar sem hér um ræðir teljast til „viðkvæmra persónuupplýsinga“ í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og fellur söfnun þeirra, notkun og önnur vinnsla almennt undir gildissvið laganna. Viðkomandi á m.a. rétt á að fá vitneskju um þær ráðstafanir sem gerðar eru í þessum efnunum sem og hvaða upplýsingar hafa borist um hann og efni þeirra, sbr. 18. gr. laganna.

Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999 með síðari breytingum (reglugerðir nr. 451/2007 og 716/2007). Ákvæði um færslu upplýsinga í sakaskrá eru í II. kafla reglugerðarinnar. Þar segir í 3. gr:

„Í sakaskrá skal færa upplýsingar um opinber mál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

- a) Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.
- b) Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum, nema umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærrí.
- c) Lögreglustjórasátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.



HAFNARFJÖRÐUR

DRÖG